

Ferðamálaráð Íslands
658. fundur haldinn miðvikudaginn 7. júlí 2004 kl. 16:00
Hótel Sögu

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Ársæll Harðarson, forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

**Um var að ræða afmælisfund, þar sem 7. júlí voru 40 ár liðin frá því
fyrsti fundur ráðsins var haldinn**

1. Fundargerð 657. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Ferðamálaráðstefnan á Kirkjubæjarklaustri

Ferðamálastjóri og forstöðumaður markaðssviðs gerðu grein fyrir hugmyndum að umræðuefni og fyrirkomulagi. Meginumræðuefnið verði: Þjóðhaglegt gildi ferðaþjónustu. Leitað verði til Ásgeirs Jónssonar um framsögu. Þá verði leitað til tveggja erlendra aðila. Annars vegar til að ræða líklega þróun frá sjónarhóli opinberra aðila og hins vegar frá sjónarhóli rekstraraðila.

3. Ágústfundur á Akranesi

Ákveðið var að halda fundinn 16. ágúst. Samhliða fundi yrði ráðsmönnum kynnt ferðaþjónusta svæðisins.

Fleira ekki tekið fyrir og að loknum fundi var móttaka ráðsins í tilefni af afmælisfundi.